

Ed.

487. Athugasemdir

með nefndaráliti stjórnarskrárnefndar efri deildar.

Nefndin sem hin háttv. efri deild skipaði til að fhuga stjórnarskrármálið hefir komist að þeirri niðurstöðu eins og nefndin í Nd., að ráða til að samþykkja frumvarpið óbreytt með mótmælafyrirvara um niðurlagsákvæði opins brjefs 20. okt. f. á. og undirrita jeg nefndarálitið með skírskotun til eftirfarandi athugasemda, þar sem jeg hefi verið og er þó í nokkuð miklum vafa um, að þetta sje hyggilegt og sjálfstæðismáli voru holt og finn mig knúinn til að gera stuttlega grein fyrir því, sem fyrir mjer vakir.

Jeg tel eins og meðnefndarmenn mínir, að það orki ekki tvímælis, að þjóðin hefur mjög mikinn hug á, að þær umbætur, sem felast í frumvarpinu, fáist svo fljótt sem unt er, og ált þáð því æskilegt, að frumvarpið gæti náð fram að ganga og orðið nú að lögum.

Sömuleiðis álit jeg, eins og þeir, að það megi þó ekki verða, án þess að fylgi nokkur slíkur afdráttarlaus fyrirvari, sem að framan getur.

En munurinn er sá, að ef á annað borð frumvarpið nær staðfesting konungs þrátt fyrir slíkan fyrirvara, þá er jeg þess ekki fullviss, að hann nái tilætluðum tilgangi sínum, að gera að engu þá ráðstöfun, sem ráðgerð var á ríkisráðsfundi 20. okt. f. á. og jafnframt þá gefið konunglegt orð um á sínum tíma að auglýsa hana Dönum á stjórnskipulegan hátt með undirskrift forsætisráðherrans, og hún samdægurs sett í konunglegt opið brjef, undirritað af ráðherra Íslands, sem skilyrði fyrir að vjer á ný með von um staðfestingu getum samþykkt frumvarpið — þá ráðstöfun, að á uppburði sjer-mála vorra í ríkisráði Dana verði engin breyting gerð, nema samþykkt verði sambandslög af *Ríkisþingi* og *Alþingi*, og er með þessu af konungs hálfu og með stjórnformlegum konungsboðskap haldið föstum þeim skilningi, að sjer-mál vort (uppburður sjer-málanna) sje ekki undan skilið íhlutun ríkisþingsins þvert ofan í það, sem var tilgangurinn með hjer að lútandi breytingu frumvarpsins á stjórnarskránni.

Ef vjer, að þessum konungsboðskap og þessu konungsskilorði undangengnu, samþykkjum stjórnarskrána óbreytta, þá samþykkjum vjer um leið skilorðið, *nema* það falli burt *annaðhvort með því*, að konungur kalli það aftur á sama hátt og hann hefir sett það, með konunglegu brjefi, *eda* með því að vjer sjálfir nemum það burtu með slíkum mótmælum, og veltur þá á því, hvort þau einhliða af vorri hálfu (þrátt

fyrir samþykkt frumvarpsins) hafa þann krapt, nema til komi viðurkenning konungs fyrir því.

Þessar viðurkenningar konungs á mótmælum, sem koma fram í Alþingis-ályktun, er ekki að vænta, á neinn skjállegan eða stjórnformlegan hátt, og yrði hún þá að eins að felast í því, að konungur staðfesti lögin. En í því er þá engan veginn víst að fælist slík viðurkenning.

Ef konungur staðfesti lögin þá er þrent til:

1. Að hann telji mótmælin fullgild og gangi að þeim.
2. Að hann telji þau ógild og lýsi yfir því með skírskotun til opna brjefsins og vilji á þeim grundvelli samþykkja lögin.
3. Að hann telji þau ógild, en lýsi engu yfir um það, samþykki ummælalauð með þeim skilningi, að mótmælin, eins og á stendur, sjeu í eðli sínu ógild til að afnema fyrir fram ákveðinn konungsvilja.

Þessi þrjú atriði vil jeg athuga nánar.

1. Einungis hið fyrsta getur komið stjórnarþótarmáli voru að haldi, að konungur viðurkenni og gangi að mótmælum vorum, og jeg játa að ef sá árangur næðist, þá væri málinu komið í gott horf að óskum þings og þjóðar. En við meðferð sína á málinu verður Alþingi einnig að gera sjer grein fyrir, hve sennilega von megi gera sjer um þann árangur, og nú fæ jeg ekki betur sjeð, en að sú von sje sem næst engin, að opinberlega yfirlýst konungsorð í ríkisráði og opnu brjefi verði gert að engu. Mestar líkur virðast mjer því vera til, að með þessu verði ekki fullnægt óskum þjóðarinnar að fá stjórnarþótinni framgengt, málinu stefnt í þá tvísýni, (og þó með allar líkurnar á þann veg sem miður skyldi), að vandsjeð er að þingmenn geti varið að velja þá leið, einkum þeir, sem eindregnastar kröfur telja sig hafa frá sínum kjósendum að koma málinu fram.

2. Annað atriðið, ef konungur ljete uppi að hann teldi mótmælin ógild og vildi með þeim ummælum staðfesta lögin, þarf aftur engum vafa nje vandkvæðum að valda. Ráðherra mundi þá eigi ganga að því, að undirskrifa lögin, er samþykkið væri byggt á þeim grundvelli, og hætta við að bera þau upp til konungsstaðfestingar. Væri þá engu spilt og rjetti vorum borgið jafnt og nú er, en um leið einnig heftur framgangur málsins.

3. En í þriðja tilfellinu, ef ráðherra ritaði undir lagastaðfestinguna, án þess að hafa fengið yfirlýsing konungs um skilning hans á mótmælunum, sem þá gæti verið sá, að þau væru ómerk og orð opna brjefsins í fullu gildi, þá væri til hætta stofnað, þeirrar, að barátta vor um ríkisráðságreininginn yrði gerð oss enn erfðari en áður, þar sem nú yrði haldið fram fhlotun ríkisþingsins, sem áður hefur þó hvergi komið til greina í þessu sambandi. Og þessu gæti, eftir fyrri reynslu vorri, orðið haldið fram eins fyrir það, þó lagalega skoðað sje rjettur vor geymdur með mótmælunum, og svo megi líta á, að hann væri óskertur vegna þessara mótmæla, þrátt fyrir það, að þau voru gerð samhliða alþingisákvörðun (endursamþykkt stjórnarskrárinnar), sem var byggt á gagnstæðum grundvelli við konungsskilorð, sem sett var fyrirfram fyrir því, að slík ákvörðun gæti fengið staðfesting. En misjöfnum augum mun þó vera litið á rjettarspurning þá, sem í þessu felst. — En í svo viðkvæmu máli sem sjálfstæðismáli voru, væri best að engar fleiri vafaspurningar gætu risið.

Að öllu þessu athuguðu fæ jeg eigi til fullnustu sannfærst um annað en að með fyrirvara-ályktuninni — þótt hún sje sjálfögð, ef frumvarpið er samþykkt óbreytt — sje málinu stefnt, ef ekki í óefni, þá í fullkomna óvissu, svo að þeir þingmenn, er

finnst sjer skylt að samþykkja óbreytta stjórnarskrána, að vilja kjósenda sinna, geti þó tæplega gert það með þeirri óbifandi sannfæring, að þeir með því tryggi hvortveggja í senn: óskertan rjett landsins og framgang stjórnarskrárinnar á næsta ári.

Til að tryggja hið fyrra, er aðeins eitt ráð óbrigðult, sem jafnframt sýndi ótvíræða alvöru vora að varðveita rjett vorn, og það er, að fella stjórnarskrána. En það mæltist ef til vill illa fyrir, og eiga þó þingmenn ekki að setja það fyrir sig í svo stóru máli, þar sem ríður á því einu, að þeir beiti öllum stjórn málaþroska sínum og samviskusemi til að ráða af það sem hollast er.

En þá er annað ráð, sem ekki verður annað sjeð en að tryggi hvortveggja, óskertan rjett og framgang málsins, þó að með því sje ekki jafn-einbeittlega sýnt, að vjer viljum ekkert hopa eða nokkursstaðar þokast úr spori í rjettarkröfum vorum. Það er að vjer breytum því einu í stjórnarskránni, sem snertir uppburð málanna, ákvæðinu um, að konungur skuli ákveða, hvar málin sjeu upp borin, látum um sinn sitja við það, sem nú er, meðan hinar nauðsynlegustu breytingar eru að komast á, en snúa sjer síðar að hinu einu, þegar vjer værum við því búinir.

Þannig breytt má telja víst, að stjórnarskráin næði staðfestingu konungs og tefðist málið aðeins um eitt ár, þar sem Alþingi verður háð að sumri.

Samkvæmt framanrituðu, mun jeg að sjálfsgöðu greiða atkvæði með fyrirvara þeim, sem ráðgerður er, en læt ekki hjá líða, þótt á síðustu stundu sje, og jeg hafi ekki á þingformlegan hátt getað gert það fyrri, að láta í ljósi þá skoðun mína, að hyggilegast hefði mjer þótt, að hverfa að því ráði, sem að ofan er bent á, og varlegast til þess að yfirráð vor yfir sjermálum vorum verði ekki bendluð við nýjar vafaspurningar, og um leið líklegast til að koma fram þeim ríka vilja þjóðarinnar, sem þingið eðlilega, hefir mikinn áhuga á að fullnægja.

Alþingi 11. ágúst 1914.

Kristinn Danielsson.